


Fjallabyggð



Horft til framtíðar
Íbúabing í Fjallabyggð 23. maí

Ágúst 2009

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Undirbúningur	3
Markaðssetning og upplýsingar	4
Fyrirkomulag.....	4
Þátttaka	4
Samantekt niðurstaðna	4
A. Samfélagið í Fjallabyggð	5
B: Sameiningarmál.....	10
C: Atvinnumál	12
Túlkun niðurstaðna.....	17
Lokaorð.....	18

Inngangur

Þann 23. maí 2009 var haldið íbúabing í Fjallabyggð undir kjörorðunum „Horft til framtíðar“. Íbúabingið var liður í áætlunum bæjarstjórnar um að gefa íbúum sveitarfélagsins kost á að hafa áhrif á mótun sveitarfélagsins. Um 40 íbúar og aðrir áhugamenn um þróun og rekstur sveitarfélagsins mættu og ræddu málefni samfélagsins og sveitarfélagsins.

Árið 2007 höfðu verið haldnir fundir um atvinnumál á Siglufirði og í Ólafsfirði undir kjörorðunum „Fjallabyggð er frumkvöðull“. Fundirnir voru ákaflega vel sóttir og þóttu gefast vel. Íbúabingið var að hluta til hugsað sem framhald þess sem þar fór fram. Þótt þátttaka á íbúabinginu hafi verið nokkuð undir væntingum voru umræðurnar frjóar og gagnlegar og staðfestu um margt það sem fólk hefur haft á tilfinningunni.

Undirbúningur

Undirbúningur íbúabingsins var að mestu leiti í höndum þróunarstjóra og annarra starfsmanna sveitarfélagsins. Farið var af stað með undirbúninginn með aðstoð ráðgjafafyrirtækisins Alta, sem áður hafði aðstoðað við undirbúning og stjórnun íbúafundanna árið 2007. Upphaflega var ætlunin að halda þingið í september 2008 og að skipulagsmál yrðu eitt þeirra málefna sem væru þar til umræðu. Þegar ekki náðist að halda þingið á fyrirhuguðum tíma var um tíma unnið út frá dagsetningum í október og nóvember, en að lokum var tekin ákvörðun um að fresta þinginu til vors til að tryggja að vetrarfærðin kæmi ekki í veg fyrir að Ólafsfirðingar hefðu möguleika á þátttöku. Áður hafði því verið slegið föstu að íbúabingið myndi ekki nýtast í vinnuna við aðalskipulag sem þá þótti langt komin.

Þegar kom að undirbúningi þingsins í maí var ákveðið að leita ekki til Alta um áframhaldandi aðstoð. Undirbúningurinn var því að mestu í höndum starfsmanna. Sigurborg Hannesdóttir hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi ehf., sem stýrði íbúafundunum árið 2007 sem starfsmaður Alta, var þó starfsmönnum innan handar um rýni og ráðleggingar.

Horft til framtíðar

Íbúabing í Fjallabyggð 23. maí

Fjallabyggð boðar til íbúabings í íþróttamiðstöðinni á Siglufirði laugardaginn 23. maí 2009 milli kl. 12:30 og 17:30. Á þinginu gefst íbúum færi á að ræða málefni sveitarfélagsins og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Dagskrá:

- 12:30 Setning og kynningar**
- 12:50 Samfélagið í Fjallabyggð**
Hvað gerir Fjallabyggð aðlaðandi?
Hvernig viðhöldum við kostum samfélagsins?
Hvert er hlutverk sveitarfélagsins í samfélaginu?
- 14:20 Sameiningarmál**
Hverju á sameiningin að skila okkur?
Hvar má hagræða?
- 15:20 Kaffihlé**
- 15:40 Atvinnumál**
Hverja á að styðja við og hvernig?
Hvernig má efla einstaka atvinnuvegi í Fjallabyggð?
Hvert á hlutverk Fjallabyggðar að vera í atvinnuuppbyggingu?
- 17:10 Samantekt og þinglok**
- 17:30 Þingslit**

Sætaferðir verða frá Tjarnarborg í Ólafsfirði kl. 11:00 og heim aftur að þingi loknu. Boðið verður upp á barnagæslu í leikskólanum Leikskálum á meðan á þinginu stendur. Mælst er til að börnin komi með nesti.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar

www.fjallabyggd.is

Mynd 1: Auglýsing með dagskrá þingsins sem birtist í Tunnunni vikurnar fram að þinginu.

Markaðssetning og upplýsingar

Gerð var áætlun um birtingar auglýsinga fyrir íbúabíngið í auglýsingamiðlum á svæðinu. Fyrirhugað var að auglýsa í Dagskránni eða N4, en þegar til kom þótti nægjanlegt að auglýsa í Tunnunni. Auglýsingar birtust í 4 tölublöðum fram að þinginu, auk þess að hanga uppi á fjölförnum stöðum í bæjunum tveimur. Að auki voru lesnar auglýsingar í svæðisútvarpi Ríkisútvarpsins á Norðurlandi og hengdir upp auglýsingaborðar til að vekja athygli á þinginu.

Vefsvæði sveitarfélagsins var ennfremur nýtt til að auglýsa íbúabíngið og til að koma ítarefni vegna þingsins á framfæri við íbúa. Auk upplýsinga um fyrirkomulag og dagskrá þingsins var þar að finna ýmsar upplýsingar um sveitarfélagið, stefnu þess og fjárhag, um sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og annað efni sem þótti hafa skírskotun til efnis þingsins.

Fyrirkomulag

Íbúabíngið var haldið í íþróttasal íþróttamiðstöðvarinnar á Siglufirði. Boðið var upp á rútuferðir á þingstað frá Ólafsfirði og barnagæslu á leikskólanum Leikhólum á meðan á þinginu stóð.

Veitingastaðurinn Allinn sá um kaffiveitingar. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar Siglufjarðar sáu um uppsetningu á sviði, húsgögnum, hljóðkerfi og merkingum fyrir þingið.

Íbúabínginu var skipt í þrjá umræðuhluta; samfélagið í Fjallabyggð, sameiningarmál og atvinnumál. Í hverjum hluta voru ræddar fyrirfram ákveðnar spurningar. Spurningarnar voru ræddar með „kaffihúsafyrirkomulagi“ þar sem fjögurra manna hópar ræddu spurningarnar sín á milli og skráðu niður helstu atriði umræðna á arkir sem voru á hverju borði. Við hverja nýja spurningu var blandað í hópum til að halda umræðunni fjölbreytilegri og lifandi. Umræðunni í nýjum hóp var svo ætlað að hefjast á því að þátttakendur segðu stuttlega frá umræðunni um fyrri spurningu áður en umræða um þá næstu hefðist. Hver umræðuhópur skilaði svo niðurstöðum þar sem þremur meginatriðum umræðnanna var gefið númer eftir mikilvægi. Að aflokinni umræðu um hverja spurningu voru niðurstöður hópanna dregnar saman, flokkaðar, kynntar og túlkaðar gróflega. Forgangsröðun hópanna var notuð til að meta vægi mismunandi þátta í umræðunni.

Þátttaka

Þátttaka á íbúabínginu olli skipuleggjendum þess nokkrum vonbrigðum. Gestir íbúabíngsins voru aðeins um 40 og um fjórðungur þátttakenda var bæjarfulltrúar og starfsmenn Fjallabyggðar. Aðeins um 10 íbúar Ólafsfjaraðar mættu, þar af 4 starfsmenn og 1 bæjarfulltrúi, sem einnig er starfsmaður sveitarfélagsins. Meðalaldur þátttakenda var nokkuð í hærri kantinum og ungt fjölskyldufólk lét sig alveg vanta. Af þessum sökum er rétt að setja varnagla við að alhæfa um of við túlkun niðurstaðna íbúabíngsins.

Samantekt niðurstaðna

Eins og áður sagði, voru þátttakendur beðnir að forgangsráða svörum eftir mikilvægi. Forgangsröðun svarenda var svo notuð til að meta vægi einstakra atriða í umræðunni. Stuttu eftir að þinginu lauk voru helstu niðurstöður þingsins teknar saman á grundvelli niðurstaðna hópanna og birtar í Hellunni og á vefsvæði Fjallabyggðar. Í samantektinni voru aðeins kynntir þeir þættir sem fengu mest vægi. Hér á eftir fer ítarlegri greining á niðurstöðunum. Við hverja spurningu eru fyrst kynntar helstu niðurstöður, eins og þær voru kynntar í áðurnefndri samantekt, þá eru sýndar heildarniðurstöður í

Útreikningi á vægi áhersluþátta umræðuhópanna og að síðustu eru talin upp þau atriði sem þátttakendur skrifuðu á arkinnar á borðunum á meðan á umræðum stóð. Ef atriði kom upp oftar en einu sinni er skráð í sviga við viðkomandi atriði hversu oft það kom fyrir. Undir nokkrum atriðanna eru undirpunktar, sem sýna atriði sem nefnd voru í samhengi við viðkomandi punkt. Skammstafanir þátttakenda eru láttnar halda sér, þar sem oft getur verið túlkunaratriði hvað átt er við. Þannig getur „bæjarst.“ vísað til bæjarstarfsmanna, bæjarstjóra eða bæjarstjórnar. Lesandanum er í slíkum tilfellum látið eftir að túlka merkinguna.

Umræðunum var skipt í þrjú þætti: A. Samfélagið í Fjallabyggð, B. Sameiningarmál og C. Atvinnumál.

A. Samfélagið í Fjallabyggð

Spurningarnar í þessum umræðukafla voru þrjár; Hvað gerir Fjallabyggð aðlaðandi? Hvernig viðhöldum við kostum samfélagsins? og Hvert er hlutverk sveitarfélagsins í samfélaginu?

A1: Hvað gerir Fjallabyggð aðlaðandi?

Flest svörin við þessari spurningu vörðuðu náttúruna og umhverfið í Fjallabyggð og heildarvægi þeirra í svörum þátttakenda var mest. Nálægðin við náttúruna, náttúrufegurðin og útivistarmöguleikar þeim tengdir voru nefndir, sem og fjöllin og Héðinsfjörður. Næst flest voru svör um að Fjallabyggð sé fjölskylduvænt samfélag og þess má geta að vægi þeirra svara var hæst miðað við fjölda. Í þriðja „sæti“ komu svo svör sem vörðuðu mannlíf og menningu staðanna í Fjallabyggð. Annað sem talið var gera Fjallabyggð aðlaðandi var sú þjónusta sem fyrir hendi er, nálægðin, samgöngur, skíðasvæðin, og fjölbreytt íþróttastarf.

Hvað gerir Fjallabyggð aðlaðandi	Vægi	Fj. svara
Náttúra og umhverfi	16	8
Fjölskylduvænt samfélag	12	5
Menning og mannlíf	9	4
Nálægð	4	2
Aðstaða og grunngerð	3	2
Þjónusta	2	1
Frístundastarf	1	1
Möguleikar	1	1
Samtals	48	24

- **Atvinnumál**
 - Lágur rekstrarkostnaður fyrirtækja
 - Tryggt vinnuafli - trúnaður (hér er átt við trygglyndi)
 - Tækifæri í ferðaþjónustu / ýmsum sviðum
 - Fjölbreytt atvinnulíf
- **Frelsi**
 - Frelsi - Öryggi
 - "Frelsið er yndislegt"
 - Frelsi
- **Byggðin**
 - Yfirbragð byggðarinnar
 - Gömlu húsin
 - Byggðaheildir
- **Tækifæri**
 - Vaxtarmöguleikar (2)
 - Tækifæri og vaxtarmöguleikar á ýmsum sviðum
 - Ferðamenn (2)

- **Mannlíf**
 - Gott mannlíf - samheldni (2)
 - Allir þekkjast
 - Allir þekkjast alla
 - Ódýrt að búa
 - Fjölskylduvænt samfélag (5)
 - ...(tónlist ofl.)
 - Barnvænt samfélag (4)
 - ...frelsi
 - Gott félagslíf / fjölbreytt félagslíf (2)
 - Fólkið (3)
 - Ég fíla Sigló af því að einstaklingurinn skiptir máli
 - I love Sigló because my mum is here
 - Íþróttaiðkun góð
 - Fjölbreytt og öflugt íþróttastarf
- **Náttúra og veðurfar**
 - Vötnin
 - Fjöllin
 - Umhverfið
 - Kyrrðin (2)
 - friður og ró
 - Náttúran (5)
 - ...(fjöllin)
 - ...sjórinn
 - Stórkostleg náttúra
 - Tengsl við hafið og náttúruna
 - Sjórinn - sjóstöng, hvalaskoðun
 - Náttúruvegur og veðurfar
 - Héðinsfjörður
 - Ólafsfjarðarvatn
 - Veturinn
 - Veðurfar
 - Hreint loft
- **Nálægð (6)**
 - ...við náttúruna - Möguleikar óendanlegir
 - ...við hafið/sjó
 - ... við þjónustuna
 - ..."við allt og alla"
 - Litlar fjarlægðir
 - Stutt milli allra einstaklinga og þjónustu
 - Smæðin
 - Stutt í allt 27 tíma sólarhringur þar sem þú þarft ekki að fara langar leiðir í allt
- **Aðstaða**
 - Skíðasvæði (3)
 - (alpa og göngugreinar)
 - Góð skíðasvæði
 - Hestamennska
 - Góðar reiðleiðir
 - Útivistarmöguleikar
 - Gönguleiðir
 - Veiði
 - Höfnin góð í Siglufirði
 - Dýpi
 - Lífhöfn
 - Öruggeringur
 - Aðstaðan - skíðin
 - Fjallgöngur
 - (Lausfóta - á skíðum)
 - Hjólakrossbrautir
 - - Síldarminjar að miklu leiti horfnar (mínus)
 - Lítil umferð
 - Góð staðsetning t.d. nálægð við önnur sveitarfélög
 - Kleifarar
 - Húsin / bærinn
 - Siglufjörður mjög fallegur bær - flottur miðbær
- **Menning**
 - Tónlistarlífið (3)
 - Mikil menning (2)
 - Söfnin (3)
 - Síldarminjasafnið
 - Þjóðlagasetrið
 - Góðir möguleikar varðandi listasafn og náttúrugripasafn
 - Sagan (2)
 - Menning - söfnin
 - Mismunandi menning spennandi - sameining blandar ólíkri menningu
 - Hátíðir
 - Þjóðlagahátíð - þarf að segja meira!
 - Fjölbreytt og öflugt menningarlíf
 - Samfélagsleg menning

A2: Hvernig viðhöldum við kostum samfélagsins?

Þegar spurt var um hvernig við getum viðhaldið kostum samfélagsins var mest áhersla á að viðhalda góðu þjónustustigi. Atriði sem voru nefnd sérstaklega voru almenningssamgöngur, góðir skólar og verndun starfa við þjónustuna. Nefnt var sem dæmi að það sé „í lagi“ að reka tvær sundlaugar í Fjallabyggð. Atvinnustigið og fjölbreytni atvinnulífsins fengu næstmest vægi í svörum þátttakenda og þátttakendur nefndu fjölgun atvinnutækifæra fyrir ungt fólk og stuðning við ferðaþjónustu í því samhengi. Verndun umhverfisins og frístundastarf fengu einnig mikið vægi, sem og að viðhalda sérstöðu samfélagsins/samfélaganna í Fjallabyggð. Í svörum sínum nefndu þátttakendur einnig að stuðla þurfi að fjölgun íbúa, framhaldsskólann, samfélagslega ábyrgð íbúa og að hlusta þurfi á íbúana.

Hvernig viðhöldum við kostum samfélagsins	Vægi	Fj. svara
Þjónusta	16	7
Atvinnulíf	7	4
Verndun umhverfis	6	4
Viðhalda sérstöðu	5	2
Frístundastarf	4	2
Íbúasamráð	3	1
Samfélagsleg ábyrgð	3	1
Fjölgun íbúa	2	1
Framhaldsskóli	1	1
Menning	1	1
Samtals	48	24

- **Menning**
 - Með því að sækja og stunda þá viðburði sem boðið er upp á
 - Samheldni
 - Menningarlíf
 - halda utan um það sem fyrir er og styðja við, svo að sveitarfélögin haldi sinni sérstöðu t.d. halda við siðum og venjum.
 - Stöndum við bakið á menningunni.
 - Viðhalda sérstöðunni
- **Íbúar**
 - Hlúa að fjölsk. mál
 - Skapa aðstöðu fjölsk. mál
 - Gerum íbúum auðvelt að stunda útivist
 - Hlúa að því sem fyrir er
 - Hagstæð fjölgun
- **Aðstaða**
 - Nýta þá aðstöðu sem í boði er
 - Samfélagsleg ábyrgð
- **Atvinnulíf**
 - Möguleikar í ferðaþjónustu v/Héðinsfjarðarganga
 - Efling atvinnulífs almennt
 - Hlúa að ferðamenskunni og útivist
 - Nota höfnina vegna kosta hennar
 - Strandsiglingar
- **Náttúra**
 - Vernda náttúruna / huga vel að henni
 - Standa vörð um umhverfið og náttúruna
 - Rekum umhverfisvæna stefnu
 - Flokkum sorp

- **Þjónusta**
 - Standa vörð um þjónustustig og störf ○
 - Byggja upp framhaldsskóla, almenningssamgöngur, íþrótt og tómstundastarf, samstarf á menningarsviði
 - Almenningsamgöngur
 - Halda uppi góðri þjónustu (t.d. framhaldsskólinn)
 - Með því að gæta jafnræðis á milli sveitarfélaga (að öðru sveitarfélaginu finnist ekki hallað á sig) þ.e. sveitarfélögin ennþá talsvert aðskilin. T.d. allt í lagi að hafa tvær sundlaugar, 2 skíðasvæði o.s.frv. Byggja upp á öðrum staðnum en halda hinum við t.d. byggja upp keppnisvöll á Sigló en halda golfvöllinum á Ólafsfirði við.
 - Halda við smávöruversluninni og þar með halda í fjölbreytileikann sem er fyrir (þó það sé í raun samfélagsins að sjá um þetta) Áhyggjuefni að það sama gerist á Siglufirði og á Ólafsfirði, þ.e. að verslanirnar hverfi með göngunum.
 - Fjölga tækifærum, þá helst fyrir ungt fólk
 - Mikilvægt að sameiningin takist vel – að íbúar séu sáttir

A3: Hvert er hlutverk sveitarfélagsins í samfélaginu?

Þegar kom að því að svara spurningunni um hlutverk sveitarfélagsins í samfélaginu dreifðust svörin meira en í fyrstu spurningunum í þessum umræðulið. Áherslan var þó greinileg á þjónustuhlutverk sveitarfélagsins. Svör varðandi þjónustuna skiptust í meginatriðum í tvo flokka; svör þar sem lögð var áhersla á lögboðna þjónustu og svör þar sem lögð var áhersla á góða þjónustu. Áherslan á lögboðna þjónustu var þó heldur meiri. Þátttakendur ætla auk þess sveitarfélaginu að styðja við bakið á annarri starfsemi, fyrst og fremst í atvinnumálum, en einnig í menningar- og frístundamálum. Meðal annars sem nefnt var voru að stuðla að vistvænu og sjálfbæru samfélagi, að halda samfélaginu fjölskylduvænu, að hafa samráð við íbúa, að stuðla að því að sameiningin heppnist vel og markaðssetning.

Hvert er hlutverk sveitarfélagsins í samfélaginu	Vægi	Fj. svara
Lögboðin þjónusta	11	4
Stoðþjónusta	10	6
Góð þjónusta	8	4
Sameining	4	2
Verndun umhverfis	4	2
Íbúasamráð	3	1
Verja samfélagsgerð	3	1
Viðhald atvinnulífs	3	2
Ábyrg fjármálastjórnun	1	1
Ímyndar- og markaðsmál	1	1
Samtals	48	24

- **Forysta**

- Þarf að vera í sterkri forystu við að sameina íbúa um Fjallabyggð
- Umbuna aukalega félagsamtökum / íþróttafélögum sem efla samvinnu eða sameinast
- Að reisa sér ekki hurðarás um öxl
- Aðhald í útgjöldum (forgangsraða)
- Gæta jafnræðis á milli byggðarkjarna
- Ábyrg fjármálastjórnun

- **Þjónusta**

- Hlúa að einstaklingum og hafa góða skóla og heilbrigðisþjónustu.
- Halda því þjónustustigi sem ætlast er til í nútíma samfélagi
- Halda úti góðri þjónustu (2)
 - ... (þ.e. grunnþjónustu svo sem félagsþjónustu)
 - ...Góð heilbrigðisþjónusta nauðsynleg, og svo þarf skólinn að vera góður osfrv.
- Almenningsamgöngur við önnur sveitarfélög í Eyjafirði
- Samgöngur milli byggðakjarnanna (2)
- Almenningsamgöngur milli byggðakjarna
- Hugsa vel um íbúana á öllum aldurstigum
- Snjómokstur/sorphirða
- Tryggja lögboðna þjónustu þ.m.t. samgöngur
- Viðhalda þeirri þjónustu sem fyrir er
- Grunnþjónustustig

- **Umhverfismál**

- Stuðla að vistvænu og sjálfbæru samfélagi (til að við missum ekki náttúrufergurðina)
- Starfa eftir umhverfisvænni stefnu
- Hlúa að umhverfinu
- Halda utan um skipulagsmál/umhverfismál
- Setja umhverfisvænar stefnur

- **Rekstur og stjórnun**

- Stuðla að vistvænni stjórnun
- Hlusta á íbúa
- Yfirstjórn/bæjarstjórn hlusti á íbúa / íbúalýðræði

- **Fjölskyldumál**

- Aðlaðandi sveitarfélag fyrir fólk á öllum aldri
- Barnvænt, fjölskylduvænt, félagsvænt Að halda sveitarfélaginu fjölskylduvænu
- Hlúa að fjölsk.
 - Atvinnumál
 - Heilbrigðismál
 - Menntamál
- Íþrótt og æskulýðsmál

- **Menning**

- Stuðla að og leggja rækt við menninguna.
- Halda utan um ýmsa viðburði (sumar/vetur)
- Stuðningur við menningarlíf

- **Atvinnumál**
 - Styðja við atvinnuuppbyggingu
 - Hlúa að fyrirtækjum og atvinnurekstri
 - Vera drifkraftur í atvinnulífinu án mikils kostnaðar
 - Skapa góð skilyrði fyrir atvinnulífið
 - Stuðning við atvinnulíf

B: Sameiningarmál

Spurningarnar í flokknum sameiningarmál voru tvær; „Hverju á sameiningin að skila okkur?“ og „Hvar má hagræða?“. Spurningunum var ætlað að varpa ljósi á það hvaða væntingar íbúar hafa til sameiningarinnar annarsvegar og draga fram hugmyndir þeirra og væntingar um hagræðingu í kjölfar hennar.

B1: Hverju á sameiningin að skila okkur?

Traustara samfélag/sveitarfélag og hagræðing fengu mest vægi í svörum við þessari spurningu. Svörin dreifðust annars nokkuð jafnt í 3 meginflokkum, þ.e. að sameiningin eigi að skila traustara samfélagi/sveitarfélagi, hagræðingu og bættri þjónustu. Mjög lítil munur var á því vægi sem þessum atrum var gefið. Aðrir þættir sem voru nefndir voru bætt mannlíf og umhverfi fyrir íbúa og bættar samgöngur.

Hverju á sameiningin að skila okkur?	Vægi	Fj. svara
Hagræðing	13	7
Traustara samfélag	13	5
Bætt þjónusta	12	7
Traustara sveitarfélag	6	2
Betra mannlífi	2	1
Bættar samgöngur	1	1
Samtals	47	23

- **Samfélagið**
 - Betra samfélagi (3)
 - Góðu samfélagi
 - Öflugra samfélagi (2)
 - Fjölbreyttu samfélagi
 - Betra og fjölbreyttara mannlífi
 - Betra umhverfi fyrir íbúa
 - Betri lífskjörum
 - Fleiri tækifærum
- **Menntun**
 - Hærra menntunarstigi
 - Öflugri skólum (2)
- **Menning**
 - Fjölbreyttara menningarlífi
 - Öflugra menningarlífi/-starfi(2)
- **Félags og æskulýðsstarf**
 - Öflugra félagstarfi (3)
 - Öflugra íþróttastarfi (3)
 - Tækifæri í íþróttalífi
 - Tækifæri í æskulýðsstarfi
 - Fjölbreyttara íþróttalífi
 - Fjölbreyttara félagsstarfi
- **Atvinnulíf**
 - Auknir atvinnuöguleikar (2)
 - Öflugara atvinnulífi
 - Fjölbreyttara atvinnulíf
 - Bætt skilyrði fyrir atvinnulíf
 - Aukin ferðaþjónusta
 - Tækifærum í ferðaþjónustu
- **Betra sveitarfélagi**
- **Sterkara sveitarfélagi (2)**

- **Þjónusta**
 - Hærra þjónustustig
 - Meiri þjónustu (3)
 - ...ekki leggja allt af
 - efla þjónustustigið
 - Bættri þjónustu (6)
 - ...(grunnþjónustu, lögbundinni þjónustu)
 - ...Aukin stoðþjónusta
 - Sterkari stoðum í menntamálum
 - Tækifærum til að gera betur og fjölbreyttar fyrir börnin
 - Auðvelda aðgengi
- **Bættum samgöngum (3)**
- **Hagræðing**
 - Hagræðingu (6)
 - Hagræðing - efling
 - Hagræðing í rekstri - stjórnslu
 - Hagkvæmari rekstri (4)
 - Betri nýtingu fjármuna
 - Sparnaði

B2: Hvar má hagræða

Dreifing svara varðandi hagræðinguna var mikil, en flest svörin vörðuðu hagræðingu í stjórnslu, yfirstjórn og rekstri fræðslustofnana. Vægi hagræðingar í stjórnslu/yfirstjórn var þó heldur meira. Úr svörum má lesa vilja til sameiningar stofnana á fræðslu og frístundasviði og fækkun stjórnenda. Meðal annars sem nefnt var undir þessum lið var að þörf sé á almennri endurskipulagningu rekstrarins og aukinni samþættingu og að hagræðing þyrfti að eiga sér stað í sátt við íbúa Fjallabyggðar.

Hvar má hagræða?	Vægi	Fj. svara
Stjórnslu/yfirstjórn	14	5
Fræðslumál	10	5
Frístundamál	6	3
Endurskipulagning þjónustu	4	2
Bæjarstjórn	3	1
Áhaldahús	2	1
Mannvirki og tæki	2	1
Samfélagsþjónusta	2	1
Í sátt íbúa	1	1
Ríkið	1	1
Samþætting	1	1
Uppbygging	1	1
Þjónustustofnanir	1	1
Samtals	48	24

- **Stjórnun og rekstur**
 - Lækka laun bæjarst. (20%)
 - Fækka í yfirstjórn - nefndarmenn - bæjarstjórn
 - Í yfirbyggingu bæjarapparatsins/ stjórnslunnar
 - Í stjórnslunni (Fækka bæjarfulltrúum, eitt ráðhús, fækka stjórnendum)
 - Stjórnslu
 - Fækka bæjarfulltrúum í 7
 - Fækka nefndum, Húsnæðisnefnd undir félagsmálanefnd
 - Fækka í hafnarstjórn
 - Stjórnkerfi
 - Markaðssetning

- Endurskipuleggja alla þjónustu
- Samþætta í rekstri stofnana
- Uppbyggingu
- Skoða rekstur á mannvirkjum og tækjum
- Rekstri hafna
- **Fræðslumál**
 - Mennta og fræðslumál (Tónskóli, Grunnskóli, Leikskóli)
 - Í skólastofnunum (með því t.d. að sameina bekki, fækka yfirmönnum. Hafa t.d. einn skólastjóra yfir báðum tónlistarskólunum, eða yfir leik og grunnskólunum...)
 - Nýting grunnskólahúsnaðis
 - Skólamál
 - Hagræða í rekstri grunnskóla, tónskóla, leikskóla - passa að halda þjónustustigi.
 - 6 skólahús?
 - Skólakerfi
 - Skólar
 - Skólaþjónusta
- **Þjónustumiðstöðvar**
 - Þjónustumiðstöðvar (3)
 - ein þjónustumiðstöð
 - Endurskoða rekstur áhaldahúsa
 - Sorpmál/Sorphirða (2)
- **Frístundamál**
 - Íþróttamál (draga saman í íþróttamannvirkjum)
 - Í íþróttamálunum / Íþróttamannvirki (t.d. byggja meira upp á öðrum staðnum, t.d. að byggja frekar upp skíðasvæðið á Sigló en á Ólafsf.)
 - Íþrótt- og æskulýðsmál
 - Íþr. æskul.
 - Íþróttasviði - tómstundir - æskulýðsstarf
 - Fótbolli - einn aðalvöllur og einn auka
 - Golf - einn aðalvöllur og einn auka
 - Skilgreina aðal og auka
- **Annað**
 - Heilbrigðis og samfélagsþjónusta
 - Íbúar sátir við hagræðingu
 - Hagræðing má ekki gera þjónustuna verri
 - Draga úr vegagerð og girðingum í Héðinsfirði
 - Í heilbrigðismálunum (?) - T.d. möguleiki í dvalarheimilismálum. (Stórt dvalarheimili á Ólafsfirði)

C: Atvinnumál

C1: Hvernig má efla einstaka atvinnuvegi í Fjallabyggð?

Í umræðum um þessa spurningu var þátttakendum skipt í hópa sem hver um sig fjallaði um ákveðnar atvinnugreinar. Flokkarnir voru þrír; „Matvælaframleiðsla og vinnsla sjávarfangs“, „Iðnaður og framleiðsla“ og „Verslun og þjónusta“.

Matvælaframleiðsla og vinnsla sjávarfangs:

Í flokknum „Matvælaframleiðsla og vinnsla sjávarfangs“ var megináherslan á möguleika greinarinnar sjálftrar til nýsköpunar og þróunar í vinnslu. Ferðatengdur matvælaíðnaður, aukin fullvinnsla sjávarafurða og sértæk staðbundin lúxusvara voru nefnd (listuð í forgangsröð hópsins).

Matvælaframleiðsla og vinnsla sjávarfangs	Vægi	Fj. svara
Nýsköpun	6	3
Samtals	6	3

- **Koma matvælaferðamennsku á framfæri**
 - T.d. silunginn á Ólafsfirði, síldarréttir á Siglufirði
 - Búa okkur til sérstöðu innan matvælaferðamennsku.
- **Nýta það sem við eigum til að selja ferðamönnum**
 - (Berin, fjallagrös o.s.frv.)
- **Aukin fullvinnsla sjávarafurða**
 - Fullvinna fiskinn; Sérvinna fiskinn í neytendaumbúðir (t.d. fiskur í raspi, saltfiskbollur)
- **"Fjallabyggðarlúxus"**
 - Hefja lúxusframleiðslu t.d. fjallagrasapaté (þá er komið lamb, fjallagrös og umbúðir sem þarf að framleiða).

Iðnaður og framleiðsla:

Í flokknum „Iðnaður og framleiðsla“ var mest áhersla á stuðning og ráðgjöf. Ráðning atvinnufulltrúa og aukinn stuðningur við atvinnuþróun voru nefnd í því samhengi, sem og iðngarðar og markaðsskrifstofa. Lækkun flutnings- og orkukostnaðar voru einnig nefnd og „að skapa rétt umhverfi“ fyrir atvinnurekstur með góðum samgöngum, menntun, þjónustu og aðstoð við styrkumsóknir.

Iðnaður og framleiðsla	Vægi	Fj. svara
Stuðningur og ráðgjöf	7	3
Aðstaða	4	2
Lækkun kostnaðar	3	2
Markaðssetning	3	1
Samstarf	1	1
Samtals	18	9

- **Atvinnufulltrúi**
 - Aðstoð við styrkumsóknir
 - Efla atvinnuþróun - vera með atvinnufulltrúa
 - Vísa aðilum rétta leið
- **Aðstoð við sprotafyrirtæki**
 - Aðstoð
 - Upplýsingagjöf
 - Stuðningi við ný verkefni
 - Aðhald
 - Stífar reglur
- **Skapa umhverfi fyrir atvinnurekstur**
 - Hafnaraðstaða
 - Menntamál
 - Samgöngur
 - Efnahagsástand
 - Þjónusta við íbúa
 - Íþrótt og menningarstarf
 - Flutningur til vinnslu (jafna flutningskostnað)
 - Hitaveita (Rarik)
 - Markaðssetning

Verslun og þjónusta:

Í flokknum „Verslun og þjónusta“ var mest áhersla á að bæta þurfi þjónustuna og að hún þurfi að vera samkeppnishæf í verðum og gæðum. Einnig var fjallað um að auka þurfi samstarf milli aðila og aukna markaðssetningu.

Verslun og þjónusta	Vægi	Fj. svara
Verðlagning og gæði	7	3
Markaðssetning	6	3
Samstarf	2	1
Verslun í heimabyggð	2	1
Stuðningur og ráðgjöf	1	1
Samtals	18	9

- **Ferðaþjónusta**

- Það þarf að taka betur á móti ferðahópum - vantar fararstjóra
- Vantar hótél á Siglufirði / farfuglaheimili

- **Þjónusta**

- Hvetja íbúa til að versla heima og nýta þá þjónustu sem í boði er,
- Þarf að vera samkeppnishæf í verðum og gæðum
- Þjónustan aðlagi sig eftirspurn t.d. opnun bakarís, sundlauga o.s.frv.

- **Markaðssetning**

- Vantar að auglýsa Siglufjörð
- Fá fólk til að vinna meira saman og markaðssetja sig.
- Gera götukort beggja vegna með upplýsingum um verslun og þjónustu (ein kaupmannasamtök).
- Markaðssetning og útfærsla hugmynda um verslun og þjónustu - leiðbeina fólki rétta leið

C2: Hverja á að styðja við og hvernig?

Í úrvinnslu spurningarinnar „Hverja á að styðja við og hvernig?“ reyndust svörin þess eðlis að réttast þótti að meðhöndla svörin í tvennu lagi annarsvegar svörin um það hverja ætti að styðja við og hinsvegar spurninguna um hvaða stuðning eigi að veita.

Hverja á að styðja við?

Mest áhersla var á stuðning við nýsköpun og sprotafyrirtæki. Slíkur stuðningur var oftast nefndur og samanlagt vægi mest. Almennur stuðningur við atvinnustarfsemi, t.d. með starfi atvinnufulltrúa fékk nokkuð vægi, og einnig stuðningur við þá atvinnustarfsemi sem þegar er í sveitarfélaginu. Þar var atvinnufulltrúinn einnig nefndur.

Hverja á að styðja við?	Vægi	Fj. svara
Nýsköpun og sprotafyrirtæki	17	7
Almennur stuðningur	7	3
Þá sem fyrir eru	6	2
Ferðaþjónustu	2	1
Umhverfisvæna aðila	2	1
Mannmörg fyrirtæki	1	1
Samtals	35	15



- **Sprotafyrirtæki og nýsköpun**
 - Styðja þarf við ÖLL sprotafyrirtæki og frumkvöðla (aðstoð við umsóknir, byrjunarstyrkir)
- **Ferðapjónusta**
 - Styðja við Rauðku í sambandi við sjóstöng
 - Ferðapjónustuna
 - Ferðapjónustuaðila á staðnum.
- **Þá sem fyrir eru**
 - Má ekki gleyma að styðja við þá sem fyrir eru - ef aðstæður krefjast, t.t. ef farið er út í nýsköpun.
 - Styðja við þá sem fyrir eru / þá starfsemi sem fyrir er
- **Almennt**
 - Fyrirtækin sem skapa (flest) störf
 - Minni fyrirtækin (með byrjunarstyrkjum)
 - Styðja við alla þá sem stunda atvinnustarfsemi bæði fjárhagslega og móralskt.
 - Styðja við þá sem (ekki læsilegt) þess óska.
 - Þá sem vilja starfa með umhverfissjónarmið að leiðarljósi
- **Matvinnslufyrirtæki**
- **Forsendur hjálpar**
 - Að þetta sé arðbært og sýnt sé fram á að þetta geti gengið.
 - Að þetta skapi störf.
 - Eignarhald í héraði - eigandi búi hér - hagnaður verði eftir hér.

Hvers konar stuðning á að veita:

Varðandi spurninguna um það hvernig ætti að styðja við atvinnustarfsemi var áherslan fyrst og fremst á aðstoð og ráðgjöf. Aðgangur að ódýru húsnæði var nefndur, s.s. í iðngörðum, sem einnig mætti flokka undir aðstoð. Markaðssetning, lækkun gjalda hjá nýsköpunarfyrirtækjum og verslun í heimabyggð voru einnig nefnd.

Hvernig á að styðja við fyrirtæki?	Vægi	Fj. svara
Stuðningur og ráðgjöf	10	4
Aðstaða	4	2
Lækkun gjalda	3	2
Markaðssetning	3	1
Verslun í heimabyggð	1	1
Samtals	21	10

- **Aðstoð/ráðgjöf**
 - Ráðgjöf fyrir ný fyrirtæki / nýjar hugmyndir
 - Til dæmis með aðstoð við umsóknir, byrjunarstyrkjum (Sprotafyrirtæki og frumkvöðlar).
 - Með atvinnumálafulltrúa - hjálpa til við upplýsingaöflun
 - Aðstoð við gerð heimasíðna og þess háttar.
 - Ný fyrirtæki þarf að styðja við með aðgangi að markaðsskrifstofu og...
- **Með upplýsingagjöf - vinna með fyrirtækjum og einstaklingum við uppbyggingu**
- **Fjármagn**
 - Eftirgjöf fasteignagjalda fyrir fyrirtæki sem hefja starfsemi í fjallabyggð
 - Fjárhagslega - Styrkja markaðssetningu fyrirtækja.
 - Með styrkjum skv. reglum
 - Nýsköpun - hugsanlega lækkun gjalda sveitarfélagsins
 - ...byggja iðngarða til að húsnæði sé til boða.
- **Annað**
 - Styðja við nýjar hugmyndir fólks sem tilbúið er að framkvæma.
 - Íbúar þurfa að versla í heimabyggð og styðja við verslunareigendur.

- **Markaðssetning / kynning**
 - Með sameiginlegum kynningum á fyrirtækjum og þjónustu
- **Aðstaða**
 - Húsnæði

C3: Hvert á hlutverk sveitarfélagsins að vera í atvinnuuppbyggingu?

Mikill samhljómur var meðal þátttakenda um hlutverk sveitarfélagsins í atvinnuuppbyggingu, að því leiti að flestir hópanna ætluðu sveitarfélaginu að veita ráðgjöf og aðstoða fyrirtæki við atvinnuþróun, styrkumsóknir o.þ.h. Starf atvinnufulltrúa bar ítrekað á góma. Mjög tengt þessu voru svör varðandi hlutverk sveitarfélagsins í að skapa góðar aðstæður fyrir atvinnurekstur, en í svörum sem féllu í þann flokk voru einnig nefnd atriði sem féllu undir aðstoð og ráðgjöf. Góðar samgöngur, góðir skólar, aðgangur að aðstöðu eru einnig nefnd í þessum flokki. Markaðssetning og sókn á stjórnvöld um opinber störf í Fjallabyggð voru einnig nefnd, sem og hlutverk sveitarfélagsins í að vera skapandi og vakandi.

Hvert á hlutverk sveitarfélagsins að vera í atvinnuuppbyggingu?	Vægi	Fj. svara
Stuðningur og ráðgjöf	25	10
Að skapa góðar aðstæður	10	6
Markaðssetning	5	3
Hagsmunagæsla	2	2
Samtals	42	21

- **Skapa umhverfi**
 - Tryggja góðar samgöngur svo rekstur fyrirtækja geti gengið
 - Skapa það umhverfi sem þarf til að fyrirtæki geti gengið
 - Skapa umhverfi og jákvæð skilyrði fyrir jákvæðri atvinnuuppbyggingu.
 - Jákvæð - Frjó - umfjöllun
 - Miðla og deila
 - Skapandi - vakandi
 - Hvetja
 - Laða að einstaklinga og fyrirtæki með atvinnurekstur.
 - Greiða götu þeirra sem eru með hugmyndirnar og vilja framkvæma
- **Markaðssetning**
 - Auglýsingar
 - Sameiginlega markaðssetningu
 - Aðstoða við markaðssetningu
 - Kynningarefni - hafa fyrirtæki með
- **Skaffa aðstöðu**
 - Skrifstofuaðstöðu
 - Iðngarðar
 - Búa til samfélag
 - Stuðningur
 - Einyrkjar ekki einangraðir
- **Starfsemi Fjallabyggðar**
 - Fá heilbrigðiseftirlit og málefni fatlaðra á okkar hendur.
 - Fjallabyggð þarf að hafa þjónustumiðstöð/upplýsingamiðstöð ferðamanna
 - Sækja á ríkið um opinber störf út á land.
- **Ráðgjöf og stuðningur**
 - Ráðgefandi
 - Atvinnumálafulltrúi / kynningarfulltrúi
 - Hafa atvinnufulltrúa - þ.e. fá aftur slíkan fulltrúa til að tryggja að peningarnir renni hingað.
 - Á að aðstoða við styrkumsóknir (og þaðan koma peningarnir)
 - Greiða fyrir atvinnuuppbyggingu með aðstoð og stuðningi
 - Aðstoð við starfið, stofna fyrirtæki, skýrslugerð o.fl.
 - Stuðningur - ekki endilega fjárhagslegur
 - Milliliður
 - Tengiliður við styrkumsóknir
 - Styðja við ný og gömul atvinnufyrirtæki með styrkjum o.fl.

Túlkun niðurstaðna

Þátttakendum á íbúabpinginu þykir nálægðin við náttúruna og það umhverfi sem umlykur samfélögin í Fjallabyggð vera það sem helst gerir Fjallabyggð aðlaðandi. Jafnframt binda þeir vonir við að í þessu umhverfi felist miklir möguleikar varðandi atvinnuuppbyggingu til framtíðar, í ferðaþjónustu og vinnslu sjávarafurða. Þetta er í góðu samræmi við það sem kom fram á fundunum „Fjallabyggð er frumkvöðull“ árið 2007, þar sem áherslan var á ferðamálin. Þeir eru ánægðir með það mannlíf og félagslíf sem þrífst í Fjallabyggð og telja samfélagið vera fjölskylduvænt og barnvænt. Meðal þess sem talið er til kosta staðanna er sú nálægð sem stafar af smæð staðanna þ.e. nálægð við alla þjónustu sem og þá nánd sem óhjákvæmilega verður milli fólks þar sem allir þekkja alla – eða a.m.k. vita allir hver af öðrum. Nálægðin við náttúruna og útivistarmöguleikar er sýnilega meðal þess sem fólk metur til fjölskylduvænna kosta samfélagsins og nokkur áhersla var á að standa þurfi vörð um náttúruna sem lið í því að viðhalda kostum samfélagsins. Meðal atriða sem nefnd eru í því samhengi er umhverfisstefna og flokkun sorps, en einnig er nefnt að forgangsraða beri styrkjum til atvinnuuppbyggingar í þágu umhverfisvænna fyrirtækja.

Fólk virðist ánægt með þá þjónustu sem í boði er í Fjallabyggð, hvort sem um er að ræða þjónustu sveitarfélagsins eða annarra þjónustuaðila, og vill að staðinn verði vörður um þjónustustigið. Þegar kemur að hlutverki sveitarfélagsins er mest áhersla á lögbundna þjónustu, en sé rýnt í svörin má sjá að sveitarfélaginu er almennt ætlað mun víðtækara hlutverk, s.s. stuðningur við fyrirtæki og félagasamtök, menningarviðburði, rekstur almenningsgangna o.fl. sem vart geta talist lögbundin verkefni. Í þessu samhengi er einnig áhugavert að skoða væntingar fólks til hagræðingar vegna sameiningarinnar. Aðeins í einu tilviki er talað um „sparnað“, þ.e. beinlínis um lægri kostnað, en í öðrum tilvikum er talað um „hagkvæmari rekstur“, „hagræðingu“, „betri nýtingu fjármuna“, sem ekki hefur eins einhlíta merkingu. Skoðað í samhengi við svörin varðandi bætt þjónustustig sem voru nokkuð áberandi, má túlka það sem svo að væntingarnar standi til þess að veita megi sömu þjónustu með minni tilkostnaði en áður eða meiri þjónustu fyrir sama eða minni pening en áður, fremur en að þátttakendur vænti beins sparnaðar og niðurskurðar. Eins benda mörg svör með orðunum „öflugra“ og „fjölbreyttara“ varðandi þjónustu og á sviðum félags-, menningar- og íþróttastarfs, til þess að þátttakendur vilji síst að dregið verði úr þætti sveitarfélagsins í þessum efnum.

Á heildina litið má segja að svör þátttakenda á þinginu varðandi hagræðingu hafi verið almennari en vonast var eftir. Þátttakendur nefndu gjarnan flokk stofnana þar sem þeir væntu hagræðingar, s.s. í stjórnsýslunni, skólum, áhaldahúsum og íþróttamannvirkjum eða svið, s.s. frístundamál og fræðslumál. Þær sértæku tillögur sem þó komu fram snerust að mestu um sameiningu stofnana og fækkun stjórnenda, fækkun í yfirstjórn og nefndum og að endurskoða beri rekstur mannvirkja þar sem fleiri en eitt er af hverju. Í þessu samhengi eru helst nefndir skólar, frístundamannvirki og áhaldahús. Athygli vekur að hagræðingar virðist ekki vænst í menningarmálum sem ekki eru nefnd á undir þessum lið og aðeins einn þátttakandi nefnir atriði sem getur náð yfir framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins (uppbygging).

Varðandi atvinnulífið var áberandi mest áhersla á stuðning við fyrirtæki annan en fjárhagslegan. Nokkur áhersla var á þætti sem þjónustuaðilarnir geta gert betur og sem leitt gæti til betri rekstararskilyrða og á samfélagslega ábyrgð íbúa gagnvart þeim sem selja þjónustu sína á svæðinu.

Varðandi hlutverk sveitarfélagsins var áherslan á að skapa fyrirtækjum og starfsmönnum gott umhverfi og á ráðgjöf, leiðbeiningar og aðstoð við fyrirtækin, fremur en beinan fjárhagslegan stuðning. Staða atvinnufulltrúa til að sinna ráðgjöf, leiðbeiningum og aðstoð við fyrirtækin var áberandi í svörum varðandi fyrirkomulag stuðnings og hlutverk sveitarfélagsins í atvinnuuppbyggingu.

Lokaorð

Íbúabíngið „Horft til framtíðar“ var liður í viðleitni bæjarstjórnar Fjallabyggðar til að gefa íbúum færi á að tjá sig um málefni sveitarfélagsins og hafa áhrif á þróun þess. Þessari viðleitni mun verða haldið áfram, jafnvel þótt mæting að þessu sinni hafi verið undir væntingum.

Lítill þátttaka íbúa getur átt sér margar skýringar og þarf ekki endilega að vera merki um lítinn áhuga íbúa á bæjarmálum, þó vissulega kunni það að vera hluti af skýringunni. Íbúar í Fjallabyggð eiga almennt greiðan aðgang að bæjarfulltrúum, nefndarfólki og stjórnendum sveitarfélagsins og geta auðveldlega komið skoðunum sínum og sjónarmiðum á framfæri við ráðamenn. Það kann því að vera að fólki finnist einfaldlega ekki þörf á að skapaður sé sérstakur vettvangur fyrir skoðanaskipti á borð við íbúabíng.

Um leið og Fjallabyggð þakkar þeim sem komu á íbúabíngið fyrir framlag þeirra og innlegg í umræðuna eru Íbúar Fjallabyggðar hvattir til að nýta sér þessa nálægð og láta í sér heyra um það hvernig þeir sjá framtíð sveitarfélagsins fyrir sér, hvort heldur er um þau málefni sem rædd voru á íbúabínginu eða önnur málefni sveitarfélagsins.